

Enn hærri skattar, fyrir hvern?

Þriðjudaginn 9. júní
Veröld - hús Vigdísar



Samtök fyrirtækja
í fjármálaþjónustu





Fundarstjóri

Íris Björk Hreinsdóttir

yfirlögfræðingur SFF



Dr. Gunnar Haraldsson
Intellecon

ÁHRIF REKSTRARUMHVERFIS FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á FÓLKIÐ Í LANDINU

Kynning á fundi Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

9. júní 2026

Veröld - hús Vigdísar

Gunnar Haraldsson

ALMENNUR FYRIRVARI

Intellecon er sjálfstætt ráðgjafarfyrtæki. Intellecon veitir fyrirtækjum og opinberum aðilum m.a. ráðgjöf, framkvæmir rannsóknir og greiningar, semur skýrslur og leggur fram tillögur og ráðleggingar.

Niðurstöður og ályktanir í skýrslunni/kynningunni eru niðurstöður og ályktanir Intellecon og endurspeglar ekki endilega ályktanir eða skoðanir Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu og aðildarfélagum þeirra.

AÐFARARORÐ

Rekstrarumhverfi banka og annarra fjármálastofnana getur haft áhrif á þau kjör sem viðskiptavinum þeirra stendur til boða.

Í þessari skýrslu er sjónum beint að hugsanlegum áhrifum boðaðrar aukinnar skattlagningar á fjármálafyrirtæki á **almennig í landinu**.

Boðuð skattahækkun leggst ofan á aðrar álögur og kröfur sem lagðar eru á íslensk fjármálafyrirtæki.


Niðurstöður þeirra útreikninga sem hér birtast ráðast af þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar.

SÉRKENNI ÍSLENSKS FJÁRMÁLAMARKAÐAR – Lítill markaður og nýir þátttakendur

Íslensk fjármálafyrirtæki eru **mjög lítil** í alþjóðlegu samhengi og markaðurinn **ógnarsmár**.

Möguleikar til að nýta sér **stærðarhagkvæmni** í rekstri eru takmarkaðir á sama tíma og íslensku bankarnir eiga í samkeppni við erlendar fjármálastofnanir um viðskipti við stærstu fyrirtæki landsins.

Heildareignir evrópskra banka (þús. ma. EUR)



Heimild: EBA og ársreikningar bankanna, eigin útreikningar.


SÉRKENNI ÍSLENSKS FJÁRMÁLAMARKAÐAR – Hreyfanleiki neytenda

Tölur benda til **virkrar samkeppni** á fjármálamarkaði sem lýsir sér m.a. í því að auðvelt er að opna bankareikninga og komast í viðskipti. Algengt er að sami einstaklingur eigi reikninga í fleiri en einum banka.

Hreyfanleiki neytenda mælist meiri hér á landi en annars staðar í Evrópu.

Á síðustu árum hafa **nýir aðilar** haslað sér völl í fjármálageiranum.

Hreyfanleiki neytenda á fjármálamörkuðum hér á landi og erlendis




Heimild: ESB og könnun Gallup fyrir SFF 2023.

SÉRKENNI REKSTRARUMHVERFISINS – Ríkið stærsti eigandinn

Ríkissjóður er **stærsti einstaki** eigandi banka á Íslandi með 40% hlut.

Um 29% af íslenska bankakerfinu er auk þess í dreifðri eigu almennings í gegnum lífeyrissjóði.

Eigendur íslenskra viðskiptabanka



■ Einstaklingar ■ Lífeyrissjóðir ■ Ríkissjóður ■ Aðrir

Heimild: Ársreikningar bankanna og eigin útreikningar.

EÐLI OG ÁHRIF FYRIRHUGAÐRAR SKATTLAGNINGAR

Stjórnvöld hafa boðað aukna skattlagningu en **útfærslan er óljós**.

Erfitt að gefa sér forsendur, en 6 milljarðar hafa verið nefndir.

Svo virðist sem skattlagningin muni aðallega beinast að **viðskiptabönkunum** en ekki innlendum og erlendum samkeppnisaðilum.

Þótt ólík viðbrögð bankanna við hækkuninni muni væntanlega leiða til mismunandi áhrifa á viðskiptavinum, má ætla að áhrif fyrirhugaðrar skattheimtu, kunni að birtast í lægri arðsemi viðskiptabankanna og hugsanlega hærra vaxtastigi útlána.

SKÝRIR MIKIL ARÐSEMI AUKNA SKATTHEIMTU?


Arðsemi banka sem annarra fyrirtækja sveiflast yfir tíma.

Ítrekaður samanburður sýnir að arðsemi banka er **alla jafna lægri hér á landi** en í nágrannalöndunum.


Meðaltal arðsemi hefur oft og tíðum verið **töluvert undir arðsemi** ýmissa annarra atvinnugreina hér á landi,

Ekki verður séð af tölulegum samanburði að réttlæta megi aukna skattheimtu með því að „**ofurhagnaður**“ hafi myndast í fjármálageiranum.

Samanburður á meðalarðsemi eigin fjár



Samanburður á arðsemi eigin fjár ólíkra atvinnugreina á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

HAGRÆÐING OG LÆGRI KOSTNAÐUR


Aukin framleiðni og hagræðing í fjármálaþjónustu hefur skilað sér í lækkun kostnaðar við bankaþjónustu að raunvirði.

Framleiðni vinnuafis (vísitala, 2004=100)



Heimild: Hagstofa Íslands.

Þróun bankakostnaðar að raunvirði (vísitala, 2018 =100)



Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

BANKARNIR BÚA NÚ ÞEGAR VIÐ MEIRI SKATTBYRÐI EN GENGUR OG GERIST INNANLANDS


Bankarnir greiða þegar þrjá sértæka skatta í dag.

Sérstakur **bankaskattur** sem nemur 0,145% prósent af skattalegu bókfærðu virði skulda, umfram 50 milljarða króna, að skattskuldum frá töldum. Þessi skattur er ófrádráttarþær frá tekjuskatti.

Sérstakur fjársýsluskattur uppá 6% á tekjuskattsstofn umfram einn milljarð króna og kemur þessi skattur til viðbótar við almennan tekjuskatt fyrirtækja.

Fjársýsluskattur (5,5%) ofan á allar tegundir skattskyldra launa og þóknana til viðbótar við 6,35 prósentu tryggingargjald.

Sértækar skattgreiðslur viðskiptabankanna fjögurra 2020 - 2025 (ma. kr.)
(skattgreiðslur fyrir utan tekjuskatt)



* Sérstakur fjársýsluskattur, ** Sérstakur bankaskattur og fjársýsluskattur,
*** Eftirlitsgjald til FME og greiðsla til Umboðsmanns skuldara

Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna fjögurra

BANKARNIR BÚA NÚ ÞEGAR VIÐ MEIRI SKATTBYRÐI EN GENGUR OG GERIST Í LÖNDUNUM Í KRINGUM OKKUR

Sérstakir bankaskattar eru margfaldir á við það sem þekkist í samanburðarlöndum Íslands.

Sértækir skattar á íslensku viðskiptabankana eru **þrefalt hærri** en hjá samanburðarhæfum bönkum í Noregi og Danmörku og skattgreiðslur íslensku bankanna eru **tvö- til fjórfalt hærri** en almennt gerist og gengur í Evrópu miðað við áhættuvegnar eignir, samkvæmt nýlegri greiningu Seðlabankans.

Enginn íslensku bankanna myndi greiða sérstakan bankaskatt í Svíþjóð auk þess sem hann er frádráttarbær frá tekjuskatti.

Við bætist óvaxtaberandi bindiskylda og eiginfjárkröfur.

FÓR LÆKKUN BANKASKATTSINS Í AUKINN HAGNAÐ BANKANNA Á SÍNUM TÍMA?

Sérstakur bankaskattur var lækkaður árið 2020 úr 0,376 prósentum í 0,145 prósent, reiknaður af skuldum umfram 50 milljarða kr. Þá var **vaxtalaus bindiskylda** þrefölduð árin 2023 og 2024 sem er ígildi skattheimtu þótt markmiðið sé annað.

Samkvæmt útreikningum Seðlabanka Íslands þýddi þessi hækkun **vaxtatap** fyrir bankana uppá um 5,5 milljarða króna á ári.

Hækkun bindiskyldunnar árin 2023 og 2024 vó því að verulegu leyti upp á móti jákvæðum áhrifum lækkunar skatts á skuldir árið 2020.

Vaxtamunur innláns- og útlánsvaxta bankanna **lækkaði** í samræmi við almennt efnahagsástand og því benda tölurnar ekki til þess að bankarnir hafi nýtt lækkunina til að auka vaxtamun.

Árið 2023 **lækkaði vaxtaálag** á óverðtryggðum íbúðalánnum miðað við innlánsvexti og hafði ekki verið lægra frá því að Seðlabankinn fór að safna slíkum gögnum árið 2015.

Vaxtamunur óverðtryggðra útlánsvaxta til heimila og á óbundnum sparireikningum



Heimild: Seðlabanki Íslands.

ÁHRIF AUKINNAR SKATTLAGNINGAR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á FÓLKID Í LANDINU

Líkt og með aðra skatta á fyrirtæki þá eru skattar á fjármálafyrirtæki á endanum greiddir af eigendum þeirra og/eða viðskiptavinum. Áhrifin geta verið breytileg á milli aðila, enda taka fyrirtækin sjálfstæðar ákvarðanir, hvert fyrir sig.

Eignarhaldið ræður miklu um hver borgar skattinn á endanum.

Nýleg greining Seðlabankans sýnir að lántakendur hjá lífeyrissjóðum hafa yfirleitt hærri ráðstöfunartekjur, en lántakar hjá viðskiptabönkunum. Þar kemur jafnframt fram að skuldsettari heimili, sem eru t.d. tekjulægri og kaupendur fyrstu fasteignar hafi ekki sömu tækifæri til lántöku hjá lífeyrissjóðum og aðrir.

Að því leyti sem skattahækkunin kann að hafa áhrif á viðskiptavini þá er hún til þess fallin, að öðru óbreyttu, að leggjast með meiri þunga á **tekjulægri lántekendur** og **fyrstu kaupendur** en þá sem hafa meira á milli handanna.

DÆMI UM MÖGULEG ÁHRIF SÉRTÆKRA SKATTA Á 50 MILLJÓN KRÓNA HÚSNÆÐISLÁN

~304.000 kr.

er sú fjárhæð á ári sem ætla má að íslenskt heimili með 50 milljón króna húsnæðislán **greiði að jafnaði meira en ella** vegna sérstakrar skattlagningar á fjármálafyrirtæki og annarra íþyngjandi aðgerða stjórnvalda, s.s. óvaxtaberandi bindiskyldu.*

Verði af fyrirhugaðri skattahækkun, að gefnum ofangreindum forsendum, kunna að bætast við allt að

~66.000 kr.

Sem hefði í för með sér að **heildarálögur** eftir hækkunina yrðu allt að

~370.000 kr.

**Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir að öll áhrif aukinnar skattlagningar lendi á viðskiptavinum með lán hjá bönkunum.*

Ekki er víst að áhrifin birtist í formi hærri útlánsvaxta, auk þess sem þau geta verið mismunandi milli ólíkra banka og lánategunda. Enda tekur hver aðili sem núverandi og fyrirhugaðir skattar ná til, sjálfstæða ákvörðun, út frá sínum forsendum, hvernig þeir haga rekstri sínum. Þá geta áhrif skattanna einnig birst í lægri arðsemi og/eða rekstrarhagræðingu, svo eitthvað sé nefnt.



INTELLECTON

ÁHRIF AUKINNAR SKATTLAGNINGAR Í NÚVERANDI EFNAHAGSÁSTANDI

Núverandi efnahagsástand einkennist af **hærri verðbólgu** en gert var ráð fyrir í áætlunum stjórnvalda.

Vextir hafa hækkað og munu haldast háir ef ekki sjást skýr merki um breytingar.

Atvinnuleysi fer vaxandi og **hagvaxtarhorfur** einkennast af meiri óvissu en oft áður.

Stjórnvöld hafa boðað að þau vilji stuðla að stöðugleika á sama tíma og þau vilja lækka vexti og örva hagvöxt, m.ö.o. **vaxa út úr vandanum.**

Öflugt fjármálakerfi sem býr við öruggt og stöðugt rekstrarumhverfi er forsenda kröftugs fjárfestingastigs.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Íslensk fjármálafyrirtæki eru lítil í alþjóðlegum samanburði og markaðurinn smár. Möguleikar til **stærðarhagkvæmni** eru því takmarkaðir en fjármálafyrirtæki hafa náð góðum árangri við innleiðingu á sjálfvirknivæðingu og stafrænum lausnum.

Engu að síður er **fjármálamarkaður virkur**, mikill hreyfanleiki viðskiptavina miðað við samanburðarlönd og traust til viðskiptabanka og tryggingafélaga mælist vaxandi.

Eignarhlutur almennings í bankakerfinu er stór, með óbeinum hætti í gegnum ríkissjóð og dreift eignarhald lífeyrissjóðanna sem og með beinum hætti.

Boðaðar skattahækkningar á fjármálafyrirtæki myndu bætast við þá **sérstöku skattlagningu** sem þegar er til staðar **auk annarra byrða**, sem eru verulega meiri en gerist og gengur í nágrannalöndum okkar.

Ekki verður annað séð en að aukin skattheimta kunni að lenda á viðskiptavinum og eigendum bankanna með einum eða öðrum hætti.

Ætla má að sérstök skattlagning á fjármálafyrirtæki, geti kostað almenna lántakendur með 50 milljón króna húsnæðislán um **304 þús. kr.** á ári, ef þær forsendur eru gefnar, að áhrifin leggist öll á viðskiptavinum bankanna. Hvert og eitt fyrirtæki tekur þó ákvörðun á sínum forsendum óháð öðrum.

Margt er óljóst með boðaða skattlagningu. Ef hún verður af þeirri stærðargráðu sem hefur verið nefnd, má gera ráð fyrir að kostnaður við 50 milljóna króna húsnæðislán kunni að aukast um allt að **66 þús. kr.** á ári, ef áhrifin lenda öll á viðskiptavinunum. Að gefnum þeim forsendum má ætla að heildarkostnaður lántakenda vegna sérstakrar skattheimtu bankanna kunni að nema allt að **370 þús. kr.** á ári.


Viðbótarskattlagningin kann jafnframt að hafa meiri áhrif á stöðu **fyrstu kaupenda húsnæðis** og **tekjulægri hópa** en þeirra sem standa betur fjárhagslega.

Við núverandi efnahagsástand og horfur gengur boðuð viðbótarskattlagning **gegn margvíslegum áformum stjórnvalda** þ.m.t. um að stuðla að lækkun vaxta og vaxa út úr vandanum.

700 milljarðar tekjur

hins opinbera af fjármálafyrirtækjum frá 2021

Tekjur ríkis og sveitarfélaga af starfsemi banka og tryggingafélaga frá 2021
- að núvirði á verðlagi mars 2026 í milljörðum króna.



Heimild: Ársreikningar fjármálafyrirtækja, Ríkisreikningur, Skatturinn og Hagstofa Íslands.



Benedikt Gíslason
bankastjóri Arion banka



Enn hærri skattar, sem við borgum

Kynning á opnum fundi SFF í Veröld – húsi Vigdísar
9. júní 2026
Benedikt Gíslason

„Þú getur ekki
skattlagt fyrirtæki.
Fyrirtæki borga
ekki skatta. Þau
innheimta skatta.“
- *Ronald Reagan*



kjarninn
25. útgáfa – 6. febrúar 2014 – vika 6

**VIÐ
BORGUM**

Nýr bankaskattur fjármagnar skuldaniðurfell-
ingar. Stóru bankarnir greiða 8,5 milljarða króna en
ekki með eigin fé. Almennigur borgar með hærri vöxtum.

- + PIP-brjóstapúðamáli gegn Jens Kjartanssyni vísað frá dómi
- + Díma Litvinov var umhverfisfangi í ríki Rútíns
- + Dóri DNA skrifar um lyktina af fasisma tíðarandans

Tax breakdown for banks in the Nordics in 2025



Iceland



Sweden



Norway



Denmark




Finland

	Iceland	Sweden	Norway	Denmark	Finland
Corporate Tax Rate (2025)	20%	20.6%	22% (25% on Financial Institutions)	22% (26% on Financial Institutions)	20%
FAT on Profits	6%	—	3%	4%	—
FAT on Remunerations	5,5%	—	5%	15.3%	—
Bank Levy/ Financial Stability Contribution	0,145%	0,07%	—	—	—

Skatthlutfall nokkurra norrænna banka

Heildarskattgreiðslur / rekstrartekjur árið 2025




Heimild: Ársreikningar Arion banka, Íslandsbanka, Landsbanka, Nordea, SEB, DNB og Handelsbanken

Hreyfanleiki neytenda er mestur á Íslandi meðal Evrópuríkja

- Samanlagður hreyfanleiki neytenda með **allar vörur mælist 48%** á síðustu fimm árum á Íslandi samanborið við 29% hjá aðildarríkjum ESB og 31% hjá Norðurlöndunum
- Hreyfanleiki íslenskra neytenda með sparnaðarreikninga mælist 21% (13% hjá aðildarríkjum ESB) og greiðslukort (15%)
- Þá mælist einnig mikill munur á hreyfanleika á húsnæðislánum, þar sem 17% Íslendinga hafa skipt um þjónustuaðila sem er mun hærra en í öðrum aðildarríkjum ESB
- Þá geta fjártæknifyrirtæki í dag sinnt starfsemi á umtalsverðum skala án þess að hafa útibú eða móttöku fyrir viðskiptavinum
- Þessi fyrirtæki geta oft unnið hraðar í þróun á tækninýjungum en bankarnir og hafa náð talsverðum árangri í öflun viðskiptavina

Hlutfall svarenda sem hafa skipt um vörur undanfarin 5 ár (SFF og Gallup, %)¹



¹Könnun framkvæmd af SFF og Gallup vorið 2024. ESB niðurstöður úr könnun Gallup fyrir framkvæmdastjórn ESB


Þrátt fyrir aukið aðhald í rekstri er arðsemi lág á evrópskan mælikvarða

Þó samþjöppun sé töluverð á litlum markaði eins og Íslandi endurspeglar það fyrst og fremst þörf fyrir stærðarhagkvæmni og skilvirkni. Til þess að meta raunverulega samkeppni þarf að horfa til fleiri mælikvarða:


- a) **Hófleg arðsemi eiginfjár:** Arðsemi íslenskra banka hefur verið ívið lægri en í samanburðarlöndum þrátt fyrir umtalsverðar kostnaðarhagræðingar sem bendir til heilbrigðar samkeppni
- b) **Lægri rekstrarkostnaður og aukin skilvirkni:** Rekstrarkostnaður hefur lækkað um tæp 40% á raunvirði þrátt fyrir aukið regluverksálag, sem sýnir hagræðingu og að samkeppni knýr fram betri nýtingu fjármuna og tækni.
- c) **Tækniþróun og nýsköpun:** Bankarnir hafa fjárfest í stafrænum lausnum og sjálfvirkni, á meðan nýir fjártækniaðilar auka samkeppnisþrýsting og hraða nýsköpun á markaðnum

Virki samkeppni ríkir á íslenskum fjármálamarkaði og knýr áfram hagræðingu, nýsköpun og betri þjónustu við viðskiptavinum


Rekstrarkostnaður kerfislega mikilvægra banka (KMB) á Íslandi¹
ma.kr. að raunvirði mv. verðlag í júní 2025



Arðsemi kerfislega mikilvægra banka (KMB) umfram stýrivexti í samanburði við Evrópu 2024²



Hreinar vaxtatekjur sem hlutfall af eigin fé 2022-2024³




¹Fjármálastöðugleiki Seðlabanka Íslands 2025/2. ²European Banking Authority, 2025 Q1 Risk dashboard statistical index. The BIS Data Portal. Seðlabanki Íslands. European Central Bank. Norges Bank.


³Þjóðhagsleg áhrif og rekstrarumhverfi fjármálageirans á Íslandi, Intellecon 2024.

Mun meira eigið fé býr til hærri vaxtatekjur og -mun


Vaxtamunur á útlánum og innlánnum viðskiptavina (heimila og fyrirtækja) 2023



Vogunarlutföll 31.12.2024



Arðsemi eigin fjár 2024



Heimild: Annual financial statements from Arion Bank, Nordea, Danske Bank, SEB and DNB, European Banking Authority (EBA) and Bloomberg



Stýrivextir voru að meðaltali 7,66% árið 2025

Efnislegt eigið fé bankanna þriggja var 761 milljarðar í árslok 2025

Samanlagður hagnaður bankanna þriggja var því 36 milljarðar umfram áhættulausa ávöxtun af öllu þessu eigin fé

Febrúar 2025:

Bankarnir græddu 88 milljarða í fyrra

Vésteinn Örn Pétursson skrifar · 13. febrúar 2025 16:25



Febrúar 2026:

Viðskipti



Samanlagður hagnaður bankanna þriggja nærri 94 milljarðar króna

Samanlagður hagnaður bankanna þriggja, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans, var nærri 94 milljarðar króna í fyrra. Fjármálaráðherra vill sjá harðari samkeppni svo eitthvað af hagnaðinum skili sér til neytenda.

Disclaimer

- This document has been prepared for information purposes only and should not be relied upon, or form the basis of any action or decision, by any person. Nothing in this document is, nor shall be relied on as, a promise or representation as to the future. In supplying this document, Arion Bank does not undertake any obligation to provide the recipient with access to any additional information or to update this document or to correct any inaccuracies herein which may become apparent.
- The information relating to Arion Bank, its subsidiaries and associates and their respective businesses and assets contained in, or used in preparing, this document has not been verified or audited. Further, this document does not purport to provide a complete description of the matters to which it relates.
- Some information may be based on assumptions or market conditions and may change without notice. Accordingly, no representation or warranty, express or implied, is made as to the fairness, accuracy, completeness or correctness of the information, forecasts, opinions and expectations contained in this document and no reliance should be placed on such information, forecasts, opinions and expectations. To the extent permitted by law, none of Arion Bank or any of their affiliates or advisers, any of their respective directors, officers or employees, or any other person, accepts any liability whatsoever for any loss howsoever arising from any use of this document or its contents or otherwise arising in connection with this document.
- This presentation contains forward-looking statements that reflect management's current views with respect to certain future events and potential financial performance. The information in the presentation is based on company data available at the time of the presentation. Although Arion Bank believes that the expectations reflected in such forward-looking statements are reasonable, no assurance can be given that such expectations will prove to have been correct. Accordingly, results could differ materially from those set out in the forward-looking statements as a result of various factors. The most important factors that may cause such a difference for Arion Bank include but are not limited to: a) the macroeconomic development, b) change in inflation, interest rate and foreign exchange rate levels, c) change in the competitive environment and d) change in the regulatory environment and other government actions. This presentation does not imply that Arion Bank has undertaken to revise any forward-looking statements, beyond what is required by applicable law or applicable stock exchange regulations if and when circumstances arise that will lead to changes after the date when this presentation was made. Arion Bank assumes no responsibility or liability for any reliance on any of the information contained herein. It is prohibited to distribute or publish any information in this presentation without Arion Bank's prior written consent.
- Due to rounding, numbers presented throughout this document may not add up precisely to the totals provided and percentages may not precisely reflect the absolute figures.
- This document should not in any way be regarded or interpreted as investment advice by the Bank
- By accepting this document, you agree to be bound by the foregoing instructions and limitations.



Hvernig samræmist boðuð skattahækkun markmiðum stjórnvalda?

Markmið stjórnvalda (stjórnarsáttmáli og atvinnustefna):

„Skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta“

„Hagstæð rekstrarskilyrði fyrirtækja“

„Alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands“

„Aukin atvinnuvegafjárfesting og bein erlend fjárfesting“

„Fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi“

„Skilvirkari miðlun sparnaðar“

„Öruggt húsnæði, óháð efnahag og búsetu“

Pallborðsumræður



Íris Björk Hreinsdóttir
yfirlögfræðingur SFF



Daði Már Kristófersson
fjármála- og efnahagsráðherra



Jón Guðni Ómarsson
bankastjóri Íslandsbanka



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður Sjálfstæðisflokksins



Þorsteinn Víglundsson
formaður Samtaka iðnaðarins

Evrópska regluverkið um fjármálamarkaði telur

38 milljón orð

95.000 blaðsíður

sem samsvarar...

Evrópska regluverkið um fjármálamarkaði samsvarar...

50 eintökum af biblíunni



Evrópska regluverkið um fjármálamarkaði telur

95.000 A4 blöð lögð í beina sjónlínu ná

28,2 kílómetra





Tómas Brynjólfsson

varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika



Eigið fé banka og seðlabanka

Erindi á fundi SFF í júní 2026


Tómas Brynjólfsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika



Júní
2026 |

Alþjóðleg óvissa hefur víðtæk áhrif


Óvissustig á heimsvísu sjaldan verið hærra¹



1. World Uncertainty Index, vísitala samkvæmt forskrift Ahir, Bloom og Furceri (2018). Vísitalan byggir á talningu hugtaka sem tengjast óvissu í landsskýrslum Economist Intelligence Unit fyrir 143 lönd. Samtalan er meðaltal, vigtað eftir VLF.

Heimild: policyuncertainty.com

Áhætta færðist til og yfir á efnahagsreikning ríkisins




1. Skuldir hins opinbera jukust í Covid-19 farsóttinni vegna mótvægisáðgerða ríkissjóðs sem bar stóran hluta af kostnaðinum af efnahagsáfallinu. Hið sama má segja um kostnaðinn vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga þar sem ríkið hljóp undir bagga með íbúum Grindavíkur, m.a. með húsnæðisaðgerðum fyrir um 1% þjóðarinnar og með því að reisa varnargarða í kring um Grindavík.


Heimildir: Seðlabanki Íslands.

Lækkandi fjármögnunarkostnaður banka erlendis


Vaxtaálag á erlendar útgáfur íslenskra banka orðið stöðugra




Kostnaðarhlutfall tiltölulega lágt og hefur lækkað




Íslenskir viðskiptabankar vel fjármagnaðir



Eiginfjárkröfur byggja á alþjóðlegum stöðlum og íslenskum áskorunum




Lögbundnar og sértækar kröfur leggja grunninn




Sértækar eiginfjárkröfur lágar hér á landi

Eiginfjárfrafa undir stoð 2 (P2R) er víða hærri meðal aðildaríkja ESB en á Íslandi¹




1. Myndin sýnir einfalt meðaltal eiginfjárkröfu undir stoð 2 (P2R) innan aðilaríkja ESB í samanburði við íslensku bankanna.
Heimildir: Evrópska bankaeftirlitið (EBA), Seðlabanki Íslands.

Kerfislegt mikilvægi stóru bankanna skiptir sköpum




Eiginfjáráuki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki ræðst af mikilvægi þeirra

Ákveðið samband er á milli stiga í aðferðafræði EBA og stærð eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvæga banka




Banka- og lífeyriskerfi nátengd

Lífeyrissjóðir fjárfest verulegum fjárhæðum í bankakerfinu (% af efnahag bankanna)¹




Lífeyrissjóðir eiga stóra eignarhluti í bönkunum (%)




1. Fjárfesting lífeyrissjóða í bankakerfinu tekur til eigin fjár, skuldabréfa og innstæða.
Heimildir: Nasdaq Iceland, Seðlabanki Íslands.

Miklar efnahagssveiflu auka þörf á nýtanlegu eigin fé




Íslenskt hagkerfi sveiflukenndara en önnur þróuð hagkerfi



Viljum geta lækkað eiginfjárkröfur í áfalli


Lækkun sveiflujöfnunarauka getur stutt við svigrúm til útlána í áfalli

Almennt eigið fé þáttar 1 sem hlutfall af áhættugrunni



Heimildir: KMB, Seðlabanki Íslands.


Peningastefnan miðlast nú með greiðslu vaxta í stað veðlána áður



Ríkissjóður og viðskiptabankarnir eiga skuldir Seðlabankans


Gjaldeyrisforði
ríkissjóðs ISK

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands
31. desember 2007




Innstæður
ríkissjóðs ISK

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands
31. desember 2025




Seðlabankinn greiðir íslenska vexti til ríkissjóðs og banka en hefur almennt erlenda örugga vexti í tekjur. Vaxtamunurinn rýrir eigið fé sem losar fjárhagsleg skilyrði þeirra sem fá vexti greidda.

Arðsemi íslenskra banka ágæt þrátt fyrir kröfur



Fjárfesting hefur aukist hér á landi á umliðnum árum



Pallborðsumræður



Ingvar Haraldsson
greininga- og samskiptastjóri
SFF



Arna Lára Jónsdóttir
þingmaður Samfylkingarinnar



Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir
þingmaður Miðflokksins



Hreiðar Bjarnason
framkvæmdastjóri fjármála
Landsbankans



Þórður Pálsson
forstöðumaður fjárfestinga hjá
Sjóvá

Takk fyrir komuna í dag!

Ályktanir og niðurstöður þátttakenda á fundinum eru þeirra sem koma fram, en ekki ályktanir eða skoðanir Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu og aðildarféлага þeirra.